

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Elliðaárdalur – hjólastígur.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 14. september 2017 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem samþykkt var í borgarráði 17. ágúst 2017.

Í breytingunni felst að reiðstígur er aflagður milli Sprengisands við Bústaðaveg og stíflu í Elliðaárdal og nýr hjólastígur kemur í legu reiðstígsins sunnan áa. Breytingin tekur til þéttbýlisuppdráttar og myndar 2 í kaflanum „Vistvænar samgöngur“ á bls. 143 í greinargerð aðalskipulagsins.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 14. september 2017.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 28. september 2017